

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Hlíðarhverfi, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 20. september 2022 minniháttar breytingu á deiliskipulagi. Vegna háspennustrengs og helgunar- eða varúðarsvæðis er byggingarreit A breytt og fjölda íbúða innan reita lítillega hliðrað, sbr. breytingu C á uppdrætti Arkís arkitekta dags. 15. janúar 2021.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Valhallarbraut 868, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 20. september 2022 heimild til að færa byggingarreit A1 10 m til vesturs en byggingarreit C1 minnkar til mótvægis, sbr. uppdrátt T.ark arkitekta dags. 18. ágúst 2022.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Grófin og Bergið, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 15. mars 2022 minniháttar breytingu við Bakkaveg 17 í Keflavík skv. uppdráttum A2F ehf. dags. 10. maí 2022. Um er að ræða stækkun á veitingastað (90 m²) til suðvesturs og stækkun til austurs (110 m²) sem mun hýsa starfsmannarými, geymslur og líkamsrækt, brúttóstækkun er samtals um 200 m². Viðbyggingar eru á einni hæð.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Flugvellir – Iðavellir 1, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 23. ágúst 2022 deiliskipulagsbreytingu með auknum byggingarheimildum í samræmi við uppdrátt Riss verkfræðistofu dags. 30. desember 2021. Heimilt er að byggja tveggja hæða húsnæði austur af núverandi húsi.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Kalmanstjörn - Nesvegur 50, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 15. mars 2022 deiliskipulag fyrir svæðið sem er 32 ha og afmarkast af lóðarmörkum Nesvegs 50 samkvæmt uppdráttum Tækniþjónustu SÁ ehf. dags. 7. maí og greinargerð dags. í apríl 2020. Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Reykjanesbæ, 18. nóvember 2022.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.